

en fleygðu þeim í sjóinn eftir að lögreglan hóf rannsókn í málinu. Taldi stöðvarstjórinn það vera kr. 29,00 virði, og hefir Gunnlaugur greitt það undir rannsókn málsins. Einnig tóku þeir félagar af stöðinni rjólbita, sem varð síðan eftir í bifreið Gunnlaugs og hefir nú verið skilað í hendur stöðvarstjórans. Þá hefir Þorsteinn og greitt stöðinni kr. 7,50 fyrir biltúrana, samkvæmt kröfu stöðvarstjórans. Skaðabótakrafa liggur því ekki fyrir í málinu.

Framangreint atferli ákærðs Þorsteins varðar við 7. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna, en ákærður Gunnlaugur hefir gerzt sekur við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hvors um sig hæfilega ákveðin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með tilliti til þess, að þetta er hið fyrsta hegningarlagabrot ákærðs Þorsteins, hið stolna er lítils virði og skaðabætur hafa þegar verið greiddar samkvæmt kröfu stöðvarstjórans, þykir mega ákveða svo, að refsing hans sé skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 1907. Þá greiði og ákærðir in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns sem (sic) hér fyrir réttinum, Ingólfss Jónssonar, cand. jur., er ákveðast kr. 50,00. —

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Nr. 159/1936. **Réttvísinn** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Haraldi Axel Jóhannessyni

(Eggert Claessen)

Maður dæmdur fyrir brot gegn 177. gr. sbr. 174. gr. hegningarlaganna. Refsingin metin með hliðsjón af 40. gr. hgl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. júní 1936: Haraldur Axel Jóhannesson sæti betrunarhúsvinnu í 10 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun, kr. 75,00, til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Gunnars Þorsteinssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum..

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærða verði fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fjóra mánuði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að refsingin verði fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærði, Haraldur Axel Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 100 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Haraldi Axel Jóhannessyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Lindargötu 30 hér í bænum, fyrir brot gegn 16. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 21. marz 1898. Hann hefir áður, svo kunnugt sé, sætt refsingum, sem nú skal greina:

- 1) 20. apríl 1920 sektaður um 20 krónur fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
- 2) 7. marz 1933 dæmdur í 100 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir að aka bifreið ölvaður.
- 3) 3. febrúar 1934 dæmdur í 600 króna sekt fyrir áfengissölu.
- 4) 15. september 1934 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.

Hinn 13. febr. s. l. nokkru eftir hádegi ók ákærður bifreið sinni R. E. 1057, sem er litil Austen-bifreið, inn Hverfisgötu hér í bænum. Við Vatnsstíginn nam ákærði staðar í því skyni að snýta sér. Voru þar allmörg börn, þar á meðal 2 telpur, er ákærði taldi vera á aldrinum 6—8 ára. Báðu börnin ákærða um að fá að koma upp í bílinn, og leyfði ákærði það þá fyrrgreindum tveim telpum, en eigi öðrum. Sat eldri telpan fram í hjá ákærða, en hin aftur í, og ók ákærði nú inn Hverfisgötu og síðan Rauðarárstíg að Háteigsvegi, og loks Háteigsveg upp undir Vatnsgeymi. Þar nam ákærður staðar og fór út úr bílnum til þess að kasta af sér vatni. Að því loknu settist ákærði aftur í sæti sitt í bílnum, og hafði getnaðarlim sinn úti. Tók hann síðan telpuna, sem hjá honum sat, tók niður um hana buxurnar, settist undir hana og nuddaði síðan getnaðarlimnum við kynfæri hennar, en jafnframt erti hann liminn með hendinni. Hélt ákærði þessu áfram, unz honum varð sáðfall. En meðan á þessu stóð, kveðst ákærði hafa farið með vinstri hendinni upp undir þá telpuna, sem var aftur í bílnum, og þuklað kynfæri hennar með fingurgómunum. Eigi kveðst ákærði hafa reynt til þess að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri telpunnar, sem hann bar hann að, enda kveðst hann ekki hafa ætlað sér að hafa samræði við telpurnar né heldur reynt það. Ákærði kveðst eigi hafa ekið telpunum á fyrrgreindan stað í því skyni að hafa umrædd mök við þær, heldur hafi sér fyrst dottið það í hug, er hann utan bílsins var að kasta af sér vatni.

Telpur þær, sem hér um ræðir, eru fæddar 17. október 1930 og 11. júní 1927, og því 5 og 8 ára að aldri. Þær voru báðar samdægurs skoðaðar af læknum, sem hafa vottað, að ekkert hafi séð á þeim eftir tilræðið. Upplýsingar þær, sem frá telpunum hafa fengizt um afskipti

ákærða af þeim, koma eigi að öllu leyti heim við framangreinda skýrslu um sakarefnið, sem byggð er á játningu ákærðs, en eigi verður þó talið, að henni sé í ágreiningsatriðunum hnekkð af þeim. Verður því að leggja játningu ákærða til grundvallar gagnvart honum í þessu máli.

Framangreint afbrot ákærða varðar við 177. gr. sbr. 174. gr. hinna almennu hegningarlaga. Áður en mál var höfðað gegn ákærðum var hann rannsakaður af dr. med. Helga Tómassyni, yfirlækni á geðveikrahælinu á Nýja Kleppi. Niðurstaða yfirlæknisins um andlega heilbrigði ákærðs er þessi:

1) Hann er ekki fáviti.

2) Hann er haldinn af organiskum geðsjúkdómi á byrjunarstigi, sennilega dementia paralytica með tabes dorsalis.

3) Hann er jafnframt haldinn útbreiddri berklaveiki í lungum.

Meðal annars segir yfirlæknirinn í skýrslu sinni um ákærða ennfremur þetta: „Að hann leitar sexuel fullnægingar á glæpsamlegan hátt, virðist því benda á óeðlilega litla mótstöðu eða óeðlilega litlar móralskar hömlur á þessum hvötum hjá honum.

En minnkunin á morölskum hömlum er einmitt ekki óalgeng við byrjandi dementia paralytica“.

Samkvæmt þessari niðurstöðu um andlega heilbrigði ákærða, þykir varhugavert að ganga út frá því, að ákærði hafi verið fyllilega með sjálfum sér, er hann framdi þetta afbrot, og ber því við ákvörðun refsingar hans að hafa hliðsjón af ákvæðum 40. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 75.00, til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Gunnars Þorsteinssonar.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.
